

LEYFI TIL AÐ ELSKA

1. árgangur
2. tölublað
Febrúar 2023

Foreldraútilokun: Vitundarvakning á rannsóknarsviðinu

Jennifer J. Harman, William Bernet
og Joseph Harman

Með rannsóknum undanfarinna áratuga
hefur þekking á foreldraútilokun þróast
upp í allsherjar vitundarvakningu.



Leyfi til að elska, 1. árgangur, 2. tölublað, febrúar 2023

ISSN 2988-8735

Útgefandi: Foreldrajafnrétti

Ritstjórn: Brjánn Jónsson, Hilmar Garðars Þorsteinsson og Sigríður Sólan.

© Foreldrajafnrétti

Tímarit þetta má eigi afrita með neinum hætti, hvorki að hluta til né í heild, án leyfis.



Útgáfa þessa tímarits er á vegum Foreldrajafnréttis og rannsóknasjóðs Heimis Hilmarssonar, *Leyfi til að elska*. Útgáfan hefur þegið styrki frá Félags- og vinnumarkaðsráðuneytinu og naut um tíma starfskrafta í gegnum átaksverkefnið *Hefjum störf hjá Vinnumálastofnun*. Að verkefninu hefur að auki komið fjöldi sjálfboðaliða með sérþekkingu á þýðingum, málvísindum, sálfræði og félagsráðgjöf og þannig lagt útgáfunni lið með fræðilegu framlagi.

Ritrýndar vísindagreinar og aðrar greinar eru þýddar með samþykki útgefanda og/eða höfunda nema að annað sé sérstaklega tekið fram. Endurprentun efnis í þessu tímariti er með leyfi útgefanda og/eða höfunda nema að annað sé sérstaklega tekið fram.

Hægt er að kaupa prentuð eintök af þessu tímariti og styrkja útgáfuna á heimasíðu tímaritsins:

<https://foreldrajafrnretti.is/leyfitiladelska>

Einnig má styrkja Foreldrajafnrétti og Rannsóknasjóð Heimis Hilmarssonar, *Leyfi til að elska* á vefsíðu félagsins: <https://foreldrajafrnretti.is/styrkja>

Nemendur og fræðimenn sem vilja gera rannsóknir á foreldraútilokun, tengslarofi eða sambands barna og foreldra geta sótt um styrki á vef rannsóknasjóðs Heimis Hilmarssonar, *Leyfi til að elska* á vefsíðunni <https://foreldrajafrnretti.is/rannsoknasjodur>

Áhugasamir aðilar sem vilja leggja sitt af mörkum fyrir frekari útgáfu með þýðingum eða prófarkalestri í sjálfboðastarfi eða eru með upplýsingar um áhugaverðar vísindagreinar sem gagnlegt væri að þýða geta haft samband í gegnum netfangið ritstjorn@foreldrajafrnretti.is

Ábendingar um villur eða tillögur að betrubótum eru vel þegnar. Vinsamlegast sendið slíkar ábendingar eða tillögur á netfangið ritstjorn@foreldrajafrnretti.is

Blómaskeið rannsókna á foreldraútilokun

Þekking á foreldraútilokun hefur aukist hægt en jafnt og þétt frá því fyrst hófust rannsóknir á fyrirbærinu á fimmta áratug síðustu aldar. Rannsóknir hafa á hinn bóginn aukist gífurlega síðasta áratuginn og hafa sem dæmi 40% allra rannsókna um foreldraútilokun verið framkvæmdar frá árinu 2016 og þannig skapað mikla vitundarvakningu í fræðasamfélaginu. Í þessu öðru tölublaði *Leyfi til að elska* birtum við íslenska þýðingu á nýlegri ritrýndri vísindagrein Jennifer J Harman, William Bernet og Joseph Harman um þessa þróun. Greinin birtist fyrst í ritrýnda vísindaritinu *Current Directions in Psychological Science* árið 2019.

Foreldraútilokun er ein birtingarmynd heimilisofbeldis. Rannsóknir á orsökum foreldraútilokandi hegðunar byggja á skráningu tilfella á síðustu áratugum. Í greininni komast rannsakendur að niðurstöðu um hvaða hegðun megir flokka sem foreldraútilokun og hvernig hún hafi áhrif á börn og fjölskyldur þeirra í heild. Einnig er gerður greinarmunur á foreldraútilokun og samskiptavanda foreldra og barns og sýnt fram á að foreldraútilokun er ekki aðeins ofbeldi gagnvart barninu, heldur einnig birtingarmynd heimilisofbeldis sem beinist bæði gegn barninu og útilokaða foreldrinu.

Með því að nota afleiðsluáðferð við greiningu á birtum vísindagreinum um foreldraútilokun og tíðni hennar eru vísbendingar um að 1% allra barna í Bandaríkjunum séu útilokuð frá öðru hvoru foreldri sínu. Rannsóknir bendi einnig til að 29% barna fráskilinna foreldra upplifi útilokandi

hegðun af hendi annars foreldris síns. Séu þessar tölur yfirfærðar á Ísland má ætla að um 800 börn séu útilokuð á hverjum tíma hér á landi og að þúsundir barna upplifi útilokandi hegðun foreldris síns gagnvart hinu. Í greininni kemur einnig fram að yfir 22 milljónir fullorðinna Bandaríkjamanna telji sig hafa upplifað útilokandi hegðun af hálfu annars foreldris síns og að af þeim tilvikum hafi um helmingur verið alvarleg útilokun.

Séu þær tölur einnig heimfærðar á Ísland væri um 24 þúsund manns að ræða. Af þessu leiðir að mjög mikilvægt er að rannsaka þessa tegund ofbeldis á Íslandi. Örfáar rannsóknir hafa verið framkvæmdar hér á landi um foreldraútilokun og aðeins af nemendum í BS eða Meistaránámi. Fæstar eru opinberar. Þær hafa ýmist verið teknar úr birtingu eða bíða þess að verða birtar. Sú staðreynd hjálpar ekki til við greiningu á vandamálinu hér á landi.

Niðurstaða rannsókna Jennifer, William og Joseph er að þrátt fyrir að fagaðilar séu sammála um skilgreiningar og ástæðu foreldraútilokunar þá sé full þörf á frekari rannsóknum innan sviðsins. Þar ætti að leggja áherslu á rannsóknir sem miðast við að breikka fræðilegan grunn, samþætta aðferðafræði til að bæta íhlutun þegar foreldraútilokun á sér stað og koma með meðferðarúræði byggð á vísindalegri þekkingu. Ísland gæti leikið mikilvægt hlutverk í baráttu gegn þessu ofbeldi, líkt og við höfum áður gert varðandi annars konar ofbeldi.

Ritstjórn

Íslenskur titill: Foreldraútilokun:
Vitundarvakning á rannsóknarsviðinu

Stafrænt kennimerki:
<https://doi.org/10.33112/ltae.2.1>

Titill frumútgáfu: Parental Alienation:
The Blossoming of a Field of Study

Stafrænt kennimerki frumútgáfu:
<https://doi.org/10.1177/0963721419827271>

Höfundar: Jennifer J. Harman, Department of
Psychology, Colorado State University

William Bernet. Department of Psychiatry,
Vanderbilt University

Joseph Harman, University of Sydney

Tengiliður: Jennifer J. Harman, Colorado State
University, Department of Psychology, 410
W. Pitkin Ave., Fort Collins, CO, 80523-1876,
jjharman@colostate.edu

Tegund: Ritrynd vísindagrein

Flokkur: Skilgreining

Ritverk frumútgáfu:
Current Directions in Psychological Science

Frumútgáfa: 2019, 28. bindi, 2. tölublað, bls. 212–217

Höfundaréttur frumútgáfu: © Höfundar

CCC leyfisnúmer fyrir þýðingu og útgáfu:
5506060486070

Þýðingarútgáfa: 1.0 (18.2.2023)

Verkefnastýring: Brjánn Jónsson

Þýðing: Kristín Þóra Ólafsdóttir

Yfirferð þýðingar og umsjón með hugtakanotkun:
Hrefna María Eiríksdóttir

Prófarkalestur: Steinn Bjarki Björnsson, Sigurlaug
Kristjánsdóttir og Kristján Viggósson

Lokaprófork: Sjöfn Kristjánsdóttir

Umbrot og hönnun: Stefán Birgir Stefáns

Myndskreyting: Sigurrós Hallgrímsdóttir

Foreldraútilokun: Vitundarvakning á rannsóknarsviðinu

Jennifer J. Harman, William Bernet og Joseph Harman


LYKILORD

FORELDRAÚTILOKUN SKILNAÐUR SAMBANDSSLIT
HEIMILISOFBELDI OFBELDI GEGN BÖRNUM

ÚTDRÁTTUR

Foreldraútilokun er lítt þekkt og misskilin birtingarmynd heimilisofbeldis. Rannsóknir á foreldraútilokun og þeirri hegðun sem veldur henni byggja á lagalegri og klínískri skráningu síðustu áratuga, en skráningarnar hafa leitt til vaxtar eða vitundarvakningar á þessu sviði. Rannsakerndur eru sammála um hvaða hegðun megi flokka sem foreldraútilokun og hvernig hún hefur áhrif á börn og fjölskylduna í heild. Í þessari grein förum við yfir fræðin og gefum nákvæma lýsingu á foreldraútilokun, hvernig hún er ólík öðrum samskiptavanda foreldra og barns, á borð við fráhvarf (e. estrangement) og hollustutogstreitu (e. loyalty conflict), og hvernig slíkri hegðun er viðhaldið milli mismunandi félagskerfa. Að lokum bendum við á hvaða svið þurfi frekari rannsókna við, þróunar eða prófana, svo hægt sé að draga úr þeim skaðlegu áhrifum sem foreldraútilokun getur haft. Hún er nefnilega ekki aðeins ofbeldi gagnvart barninu, heldur einnig birtingarmynd heimilisofbeldis sem beinist bæði að barninu og útilokaða foreldrinu.

Fjöldmörg sifjaréttarmál, þar sem annað foreldrið rægir hitt og innrætir börnum sínum óbeit á því, hafa verið tekin fyrir hjá dómstólum í Bandaríkjunum og á Englandi allt frá upphafi 19. aldar. Um miðjan 5. áratug síðustu aldar fóru sérfræðingar sem unnu með skilnaðarfjölskyldum að birta athuganir sínar á foreldrum sem reyndu að gera börn sín afhuga hinu foreldrinu og fá þau til að verða „bandamenn“ sínir gegn foreldrinu sem var hafnað (Rand, 2013). Það var þó ekki fyrr en upp úr 1980 sem þetta fyrirbæri fékk heitið *foreldraútilokunarheilkenni* (e. *parental alienation syndrome*; Gardner, 1985). Af ýmsum ástæðum (til dæmis vegna efasemda um hvort þetta geti í raun talist heilkenni, Warshak, 2001) er núna oftast notast við hugtakið *foreldraútilokun* (Lorandos o.fl., 2013). Rannsóknnum á þessu sviði hefur fjölgað verulega síðustu áratugi. Yfir eitt þúsund bækur, bókarkaflar og greinar í fræðiritum eru til um þessi mál, frá 35 löndum og sex heimsálfum (Bernet, 2013).



Þrátt fyrir mikið magn sögulegra gagna um foreldraútilokun í lagalegum skilningi og á sviði klínískra fræða, hafa uppsöfnuð gögn um viðfangsefnið að mestu verið lýsandi í eðli sínu. Þó hafa verið gerðar ótal rannsóknir á þeim hegðunarmynstrum og ferlum sem felast í foreldraútilokun (t.d. samskiptastýring; Austin og Rappaport, 2018). Við höldum því fram að þekking á foreldraútilokun sé ekki lengur bara vaxandi eða það sem kalla mætti grasrótarstig, heldur hafi hún þróast upp í allsherjar vitundarvakningu sem einkennist af mikilli þróun og samþættingu á kenningum og prófun tilgátna (Simpson og Campbell, 2013).

HVAÐ ER FORELDRAÚTILOKUN?

Með foreldraútilokun er átt við það sálræna ástand barns þegar það gerist bandamaður útilokunarforeldris (eða hollustuforeldris) og hafnar samskiptum við útilokaða (eða útsetta) foreldrið án lögmætrar ástæðu (Lorandos o.fl., 2013). Foreldraútilokun á sér oft stað í fjölskyldum

þar sem foreldrið hefur valdameiri stöðu (útilokunarforeldrið) hefur í frammi móðgandi athugasemdir eða hegðun gagngert til þess að skaða og eyðileggja samband foreldrisins sem hefur valdaminni stöðu (útsetta foreldrisins) við barnið (Harman o.fl., 2018). Þegar báðir foreldrar eiga í erjum og rifrildi verður foreldraútilokun yfirleitt ekki útkoman (Warshak, 2015b). Þegar foreldrar sem eru jafnir að völdum ástunda rifrildi og ásakanir á báða bóga upplifir barnið frekar hollustutogstreitu en foreldraútilokun (Bernet o.fl., 2016). Foreldraútilokun getur átt sér stað eða hafist innan fjölskyldu þar sem foreldrar búa enn saman. Langalgengast er þó að það gerist eftir sambandsslit foreldra.

Hjá barninu eru birtingarmyndir foreldraútilokunar meðal annars þessar: ófrægingarherferð gegn útsetta foreldrinu; lélegar, léttvægar eða fáránlegar ástæður fyrir því að hitta ekki útsetta foreldrið; vöntun á gagnstæðum tilfinningum til foreldra (tvíþendni, e. ambivalence); sýnir einkenni yfirlýsts sjálfstæðis í hugsun (e. independent-thinker phenomenon) um leið og



barnið neitar að nokkur hafi áhrif á neikvæða skoðun þess á útsetta foreldrinu; augljós skortur á sektarkennd vegna gjörða eða afstöðu til útsetta foreldrisins; lýsingar liðinna atburða frá öðrum; og að koma inn óvild í garð þeirra sem útsetta foreldrið umgengst (t.d. stórfjölskyldu; Gardner, 1992). Af þessari upptalningu eru það fyrstu tvær birtingarmyndirnar sem eiga helst við foreldraútilokun: ófrægingarherferð barnsins gegn útsetta foreldrinu og lélegar, léttvægar eða fáránlegar ástæður fyrir því að vilja ekki hitta útsetta foreldrið. Þær birtingarmyndir sem hægt er að greina hlutlægt og mæla meginlega, eru höfnun barnsins á foreldrinu (Huff o.fl., 2017) og skortur á tvíþendni gagnvart foreldrunum, þ.e. annað foreldrið er talið algott en hitt alvont (einnig þekkt sem *klofningur*; Bernet o.fl., 2018).

Í 5. útgáfu handbókarinnar *Diagnostic and Statistical Manual of Mental Disorders* segir að afleiðingar foreldraútilokunar séu flokkaðar sem andlegt ástand undir greiningunni „barn líður fyrir vandamál og álag í sambandi foreldra“ (e. „child

affected by parental relationship distress“; Bernet o.fl., 2016). Þetta ástand er tekið fyrir í sama kafla og kynferðislegt ofbeldi gegn barni, vandamál í sambandi foreldris og barns og fleiri birtingarmyndir heimilisofbeldis („ástand sem mögulega kallar á klíníska rannsókn“). Ástand þar sem barn líður fyrir vanda og álag í sambandi foreldra gæti flokkast sjálfstætt eða sem ákveðin tegund geðröskunar (t.d. alvarlegt þunglyndi). Það getur verið erfitt að meta tíðni foreldraútilokunar meðal barna vegna þess að yfirleitt er þörf á sálfræðimati til að ákvarða hvort og þá að hve miklu leyti barn er fórnarlamb foreldraútilokunar. Ef birtar rannsóknir eru notaðar til viðmiðunar og afleiðsluaðferð notuð, má áætla að 1% allra barna í Bandaríkjunum séu útilokuð frá öðru hvoru foreldri sínu (Bernet, 2010; Warshak, 2015a). Önnur rannsókn, reyndar byggð á litlu úrtaki, bendir til þess að um 29% barna fráskilinna foreldra upplifi útilokandi hegðun af hendi foreldris (Hands og Warshak, 2011).

AD SEM FORELDRAÚTILOKUN ER EKKI

Hér er áriðandi að gera greinarmun á foreldraútilokun og fráhvarfi (Kelly og Johnston, 2001) þar sem hugtakanotkunin er örlítið önnur en sú sem birtist í flestum orðabókum, þar sem útilokun er lýst sem tilfinningalegri fáskiptni og við fráhvarf bætist svo áþreifanleg aftenging samskipta (Warshak, 2010). Í þessari grein vísar fráhvarf í erfiðleika í sambandi milli foreldris og barns sem koma til vegna vandamála innan sambandsins sjálfs. Þannig mætti nefna sem dæmi foreldri sem hefur litla foreldrafærni til að bera og hefur í frammi líkamlegar eða andlegar hótanir sem getur haft áhrif á gæði sambands þess við barnið. Reynsla barnsins og viðbrögð þess við henni verður til þess að barnið verður fráhverft foreldrinu. Andstætt því þegar um fráhverfu er að ræða, eru vandamál í sambandinu milli foreldris og barns í tilfellum foreldraútilokunar nánast eingöngu sök útilokunarforeldris. Útilokunarforeldrið veldur

með umtali og gjörðum sínum því að barnið byrjar að afneita sambandi við útsetta foreldrið. Neitun og höfnun barnsins kemur yfirleitt ekki til vegna gjörða útsetta foreldrisins, en ef svo er þá er það ýkt til muna og úr öllu samhengi við raunverulega reynslu barnsins af foreldrinu. Ástæður höfnunarinnar á útsetta foreldrinu geta verið í algjörri mótsögn við raunverulega reynslu barnsins af því foreldri. Þegar ásakanir um ofbeldi eru lagðar fram í forsjárdeilum, skiptir miklu máli að gerður sé greinarmunur á fráhvarfi og foreldraútilokun. Ef saga er um sannreynt heimilisofbeldi eða ofbeldi gegn barni í viðkomandi sambandi, útskýrir það framgöngu kærandans og hegðun barnsins. En ef um er að ræða tilbúna ásakanir sem ætlað er að styrkja stöðu annars foreldris í forsjárdeilu flokkast ásökunin sem útilokunarhegðun.

HVERNIG VALDA FORELDRAR ÚTILOKUN BARN SÍNS?

Stutt er síðan byrjað var að líta á foreldraútilokandi hegðun sem tegund heimilisofbeldis, sem yfirleitt er skilgreint sem hegðun sem þvingar, stjórnar og skapar ótta hjá barni. Þegar barn er þolandi flokkast svona hegðun sem ofbeldi gegn barni og þegar útsetta foreldrið er þolandi flokkast hún sem ofbeldi í nánu sambandi. Þegar útilokunarforeldrið þvingar, stjórnar eða býr til ótta hjá barni gagnvart útsetta foreldrinu, leiðir það til foreldraútilokunar. Einmitt þess vegna er slík útilokun mjög flókin birtingarmynd heimilisofbeldis (Clawar og Rivlin, 2013; Harman o.fl., 2018). Fjöldmörg hegðunarmynstur sem tengjast foreldraútilokun hafa verið skráð af rannsakendum. Um er að ræða hegðun á borð við slæmt umtal um útsetta foreldrið og stórfjölskyldu þess, þvingandi og stjórnandi aðferðum er beitt til að vinna barn á band útilokunarforeldris og gera það fráhverft útsetta foreldrinu. Barninu er sagt að útsetta foreldrið elski það ekki, barninu er blandað í umræðuefni sem ætluð eru fullorðnum, samskipti barns við hitt

foreldrið eru takmörkuð, dómsúrskurðir varðandi umgengnistíma og samskipti eru hunsaðir, lítið er gert úr stöðu útsetta foreldrisins gagnvart barninu, barnið er látið velja hvort það vilji heimsækja útsetta foreldrið eða ekki, og falskar ásakanir um ofbeldi eru lagðar fram (Baker og Darnall, 2006; Harman o.fl., 2016; Harman o.fl., 2018).

Eins og gefur að skilja er ekkert foreldri fullkomið og einstaka neikvæð ummæli eða stök atvik teljast ekki til foreldraútilokunar. Í þeim tilfellum þar sem um endurtekna hegðun yfir langt tímabil er að ræða, sem beitt er í þeim tilgangi að skaða samband barnsins við hitt foreldrið (eða eingöngu skaða hitt foreldrið vegna sambands þess við barnið) tölum við um foreldraútilokandi hegðun (Harman o.fl., 2018). Þó endurtekning sé nauðsynleg til að búa til neikvæðni og andúð barns gagnvart foreldri, er það þó innihald og efni þessarar hegðunar sem hefur áhrif á hve fljótt höfnunin eða útilokunin nær yfirhöndinni. Dæmi um slíkt er að ýja að því við



barnið að það hafi orðið fyrir kynferðislegu ofbeldi af hendi útsetta foreldrisins eða að foreldrið hafi reynt að myrða barnið.

Meira en 22 milljónir fullorðinna einstaklinga í Bandaríkjunum eru taldar hafa upplifað útilokunarhegðun af hálfu foreldris og helmingur þeirra telja það hafa verið alvarlegt (Harman o.fl., 2016). Sem betur fer endar útilokunarhegðun ekki alltaf í algerri útilokun barns frá foreldri. Útilokunarhegðun (gjörðir útilokunarforeldris) er mjög algeng og getur haft afar neikvæðar afleiðingar í för með sér fyrir barnið. Foreldraútilokun er aftur á móti mun sjaldgæfari (að barn neiti að eiga samskipti við útsetta foreldrið). Ástæður þessa misræmis geta verið fjölmargar. Má þar nefna hversu miklum tíma útsetta foreldrið fær að verja með barninu, gæði sambandsins á milli foreldris og barns áður en útilokunarhegðun hefst, alvarleika útilokunarinnar og hversu lengi hún hefur varað, skapgerð barnsins, aldur og systkinaröð, að hve miklu leyti annað fólk styrkir eða vinnur gegn útilokunarhegðuninni og félagslegar refsiaðgerðir gagnvart hegðun foreldris.

HVERNIG ER FORELDRUM SEM ÚTILOKA BÖRN SÍN GERT KLEIFT AÐ BEITA SLÍKRI HEGÐUN?

Samfélög og menning fjölskyldna geta bæði stuðlað að eða komið í veg fyrir foreldraútilokun. Rannsóknir hafa ekki sýnt fram á að gerendur foreldraútilokunar séu feður frekar en mæður, þar eru bæði kynin jafn sek (Harman o.fl., 2016), en aðferðirnar virðast ólíkar eftir kyni (mæður nota til dæmis óbeinar árásir en feður nota beinar árásir; López o.fl., 2014). Þegar kemur að umfjöllun eða upplifun þriðja aðila af foreldraútilokun má þó greina kynjamun. Sem dæmi um slíkt má nefna að ekki er litið eins neikvæðum augum á það þegar mæður beita útilokunarhegðun og þegar feður eða kynhlutlausir foreldrar beita henni (Harman, Biringen o.fl., 2016). Það má

færa rök fyrir því að kynjahlutdrægni hafi haft áhrif á hvernig tekið er á foreldraútilokun hjá félagsstofnunum, s.s. fjölskyldudómstólum (Lorandos, 2017). Slíkt leiðir af sér að skilningur eða túlkun geðlækna, sálfræðinga, lögfræðinga, lögreglu og fjárveitingarvalds, eða þeirra sem annað hvort úrskurða um forsjá eða hafa áhrif á hana, getur stuðlað að eða valdið því að mikill munur verður á því hjá hvoru foreldrinu útilokunin kemur niður með meiri þunga. Þess vegna gegna kynjahlutdrægni, úreltir stofnanahættir og aðrir félagslegir þættir mikilvægu hlutverki í, annars vegar að ýta undir og hins vegar að koma í veg fyrir foreldraútilokun.

HVAÐA ÁHRIF HEFUR FORELDRAÚTILOKANDI HEGÐUN?

Áhrifin sem foreldraútilokun hefur á börn, útsetta foreldrið og fjölskyldueininguna í heild eru veruleg. Stanslausar erjur og óútkljáð deilumál milli foreldra geta haft í för með sér áfallastreituröskun (Basile-Palleschi, 2002) eða aðrar neikvæðar afleiðingar fyrir börn (Cummings og Davies, 2010). Útilokuð börn upplifa hins vegar frekar sálræna aðlögunarröskun (t.d. innhverf og úthverf vandamál) en þau börn sem ekki hafa verið beitt útilokun (Johnston o.fl., 2005). Börn sem verða fyrir útilokun eru oft fjarri útsetta foreldrinu um langt skeið. Þessi aðskilnaður ásamt útilokandi hegðun tengist erfiðleikum við sálræna aðlögun hjá börnum (t.d. Seijo o.fl., 2016). Fullorðnir einstaklingar sem urðu fyrir útilokun sem börn, hafa þurft að glíma við alvarlega langvarandi vanda vegna ofbeldisins (Baker, 2005; Baker og Verrocchio, 2013). Þar má nefna lítið sjálfsálit og mikið sjálfshatur, órugg tengslamynstur, misnotkun vímuefna, sektarkennd, kvíða og þunglyndi. Þessir sömu einstaklingar þróa einnig með sér ótta, ofsahræðslu og tengslavanda, eiga í erfiðleikum með samskipti við sín eigin börn sem fullorðnir einstaklingar (Aloia og Strutzenberg, 2019) og vantroysta oftast sjálfum sér og öðrum (sjá Harman o.fl., 2018).

Kannski er meira vitað um áhrif foreldraútilokandi hegðunar á útsettu foreldrana, því auðveldara er að nálgast upplýsingar frá þeim. Foreldraútilokun virðist hafa svipuð áhrif á útsetta foreldra og annað ofbeldi af hendi nákominna. Hjá þeim er þunglyndi algengur fylgifiskur (Taylor-Potter, 2015), sem og kvíðaröskun og há tíðni sjálfsvíga (Baker og Verrocchio, 2015; Balmer o.fl., 2018). Þar að auki búa útsettir foreldrar við óuppgerða sorg og missi án lúkningar (e. ambiguous loss; Boss, 2016), sem og mikla félagslega einangrun vegna hegðunar útilokunarforeldris (t.d. vinir hverfa) eða lélega tilfinningaúrvinnslu (Harman o.fl., 2018).

HVAÐ ÞARF AÐ SKOÐA BETUR?

Vísindageirinn þarf að vera aðgerðamiðaður, nýta uppsafnaða þekkingu og prófa samþættingu kenninga svo vísindin þróist áfram. Þannig eykst skilningur okkar á orsakafræði og birtingarmynd rannsóknarefnisins hverju sinni (Reis, 2007). Rannsóknir á foreldraútilokun hafa alltaf verið aðgerðamiðaðar, því þær hafa sprottið út frá störfum geðheilbrigðisstarfsfólks og lögfræðinga sem hafa unnið með fjölskyldum sem hafa upplifað þennan vanda. Þekking á hegðunarmynstrum sem tengjast foreldraútilokandi hegðun (s.s. samskiptastýringu og fölskum minningum) hefur aukist gífurlega og þó að það virðist kannski vera þannig þá er ekki lengur um vitundarvakningu að ræða. Í dag er mikil þróun og fræðileg vinna í gangi. Kenningin um tengslamyndun hefur til dæmis verið notuð við klínískar athuganir í því skyni að skapa betri skilning á höfnun foreldra (Garber, 2004) og aðalhöfundur þessarar greinar hefur nýlega notað kenninguna um innri tengslaflækju (e. interdependence theory) til að skilja hvernig valdaójafnvægi einkennir þessar fjölskyldur.

Nýlegar stefnur varða meðal annars það að finna út hvaða hegðunarmynstur eru líklegust til að leiða til foreldraútilokunar, að þróa bestu aðferðirnar við mat og meðferð á mismunandi alvarleikastigum

foreldraútilokunar, að greina bein og óbein áhrif slíks ofbeldis og hvernig það er frábrugðið fráhverfu, að leggja mat á algengi vandans á heimsvísu, og skilgreina hvort tilteknir lýðfræðilegir hópar séu útsettari en aðrir (t.d. hermenn).

NIÐURSTÖÐUR

Foreldraútilokun er alvarleg tegund heimilisofbeldis. Þrátt fyrir að fagaðilar séu sammála um skilgreiningar og ástæður foreldraútilokunar er þörf á frekari rannsóknum innan sviðsins. Rannsóknum sem miðast við að móta víðtækari fræðilegan grunn og samþætta aðferðafræði til að bæta íhlutun og meðferðir á reynsluvísindalegan hátt.

FREKARA LESEFNI

Bernet, W., Gregory, N., Reay, K. M. og Rohner, R.

P. (2018). An Objective Measure of Splitting in Parental Alienation: The Parental Acceptance-Rejection Questionnaire. *Journal of Forensic Sciences*, 63(3), 776–783. <https://doi.org/10.1111/1556-4029.13625>

Grein sem sýnir fram á klofning í skynjun barna á foreldrum (algóð eða alsæl), sem er sérkenni hjá börnum sem hafa orðið fyrir útilokun, samanborið við börn sem ekki hafa upplifað slíkt.

Harman, J. J. og Biringen, B. (2016). *Parents acting badly: How institutions and societies promote the alienation of children from their loving families*. Fort Collins, CO: Colorado Parental Alienation Project, LLC. <https://isbnsearch.org/isbn/9781519675521>

Bók ætluð almenningi með yfirlit yfir efni um foreldraútilokun og hvernig hún hefur orðið eins alvarleg og raun ber vitni.

Harman, J. J., Kruk, E. og Hines, D. A. (2018). Parental alienating behaviors: An unacknowledged form of family violence. *Psychological Bulletin*, 144(12), 1275–1299. <https://doi.org/10.1037/bul0000175>

Yfirlit yfir rannsóknir á foreldraútilokun og hvernig hegðun sem veldur henni er bæði talin vera ofbeldi gagnvart barni og heimilisofbeldi.

Lorandos, D., Bernet, W. og Sauber, S. R. (ritstj.). (2013). *Parental alienation: The handbook for mental health and legal professionals*. Springfield, IL: Charles C Thomas. <https://isbnsearch.org/isbn/9780398087500>

Kaflaskipt bók sem fjallar um mismunandi vanda hjá börnum sem afleiðing foreldraútilokunar, dómsmál sem snúast um foreldraútilokun og hagnýtar ráðleggingar fyrir fagaðila í lögfræði- og geðheilbrigðisþjónustu sem starfa með fólki sem glímur við þetta vandamál.

Warshak, R. A. (2010). *Divorce poison: How to protect your family from bad-mouthing and brainwashing*. New York, NY: HarperCollins. <https://isbnsearch.org/isbn/9780061863264>

Ein mest lesna bókin um foreldraútilokun og sígildur leiðarvísir um hvernig hægt er að koma í veg fyrir og vinna bug á vandamálinu.

ÝMISLEGT

Ritstjóri

Randall W. Engle var fræðilegur ritstjóri við vinnslu þessarar greinar.

Þakkir

Höfundar þessarar greinar vilja minnst allra þeirra fjölskyldna sem hafa orðið fyrir foreldraútilokun. Það er von okkar að útsettir foreldrar verði ekki lengur gerðir ábyrgir fyrir því að barnið þeirra hafni því, að vísindageirinn leggi meiri áherslu á þetta vandamál og finni lausnir sem vernda börn gegn þessari tegund heimilisofbeldis.

Hagsmunayfirlýsing

Höfundar lýstu því yfir að engir hagsmunaárekstrar væru til staðar varðandi höfundarétt og birtingu þessarar greinar.

HEIMILDIR

Aloia, L. S. og Strutzenberg, C. (2019). Parent–Child Communication Apprehension: The Role of Parental Alienation and Self-Esteem. *Communication Reports*, 32(1), 1–14. <https://doi.org/10.1080/08934215.2018.1514641>

Austin, W. G. og Rappaport, S. (2018). Parental gatekeeping forensic model and child custody evaluation: Social capital and application to relocation disputes. *Journal of Child Custody*, 15(1), 55–75. <https://doi.org/10.1080/15379418.2018.1431827>

Baker, A. J. L. (2005). The Long-Term Effects of Parental Alienation on Adult Children: A Qualitative Research Study. *The American Journal of Family Therapy*, 33(4), 289–302. <https://doi.org/10.1080/01926180590962129>

Baker, A. J. L. og Darnall, D. (2006). Behaviors and Strategies Employed in Parental Alienation. *Journal of Divorce & Remarriage*, 45(1–2), 97–124. https://doi.org/10.1300/j087v45n01_06

Baker, A. J. L. og Verrocchio, M. C. (2013). Italian College Student-Reported Childhood Exposure to Parental Alienation: Correlates With Well-Being. *Journal of Divorce & Remarriage*, 54(8), 609–628. <https://doi.org/10.1080/10502556.2013.837714>

Baker, A. J. L. og Verrocchio, M. C. (2015). Parental Bonding and Parental Alienation as Correlates of Psychological Maltreatment in Adults in Intact and Non-intact Families. *Journal of Child and Family Studies*, 24(10), 3047–3057. <https://doi.org/10.1007/s10826-014-0108-0>

Balmer, S., Matthewson, M. og Haines, J. (2018). Parental alienation: Targeted parent perspective. *Australian Journal of Psychology*, 70(1), 91–99. <https://doi.org/10.1111/ajpy.12159>

Basile-Palleschi, D. M. (2002). The emotional impact of divorce on children: A post-traumatic stress perspective. *Dissertation Abstracts International: Section B: The Sciences and Engineering*, 62(10-B), 4772.

Bernet, W., von Boch-Galhau, W., Baker, A. J. L. og Morrison, S. L. (2010). Parental Alienation,

- DSM-V, and ICD-11. *The American Journal of Family Therapy*, 38(2), 76–187. <https://doi.org/10.1080/01926180903586583>
- Bernet, W. (2013). Heimildaskrá í D. Lorandos, W. Bernet og S. R. Sauber (ritstj.), *Parental alienation: The handbook for mental health and legal professionals* (Supplemental Reference Guide, bls. 5–77). Springfield, IL: Charles C Thomas. <https://isbnsearch.org/isbn/9780398088811>
- Bernet, W., Gregory, N., Reay, K. M. og Rohner, R. P. (2018). An Objective Measure of Splitting in Parental Alienation: The Parental Acceptance-Rejection Questionnaire. *Journal of Forensic Sciences*, 63(3), 776–783. <https://doi.org/10.1111/1556-4029.13625>
- Bernet, W., Wamboldt, M. Z. og Narrow, W. E. (2016). Child Affected by Parental Relationship Distress. *Journal of the American Academy of Child & Adolescent Psychiatry*, 55(7), 571–579. <https://doi.org/10.1016/j.jaac.2016.04.018>
- Boss, P. (2016). The Context and Process of Theory Development: The Story of Ambiguous Loss. *Journal of Family Theory & Review*, 8(3), 269–286. <https://doi.org/10.1111/jftr.12152>
- Clawar, S. S. og Rivlin, B. V. (2013). *Children held hostage: Identifying brainwashed children, presenting a case, and crafting solutions* (2. útg.). Chicago, IL: American Bar Association. <https://isbnsearch.org/isbn/9781627221566>
- Cummings, E. M. og Davies, P. T. (2010). *Marital conflict and children: An emotional security perspective*. New York, NY: Guilford Press. <https://isbnsearch.org/isbn/9781606235195>
- Garber, B. D. (2004). Parental Alienation in Light of Attachment Theory. *Journal of Child Custody*, 1(4), 49–76. https://doi.org/10.1300/j190v01n04_04
- Gardner, R. A. (1985). Recent trends in divorce and custody litigation. *Academy Forum*, 29(2), 3–7. <https://www.aapdp.org/publications/table-of-contents/> [<http://www.fact.on.ca/Info/pas/gardnr85.pdf>] /
- Gardner, R. A. (1992). *The Parental Alienation Syndrome: A Guide for Mental Health and Legal Professionals*. Cresskill, NJ: Creative Therapeutics. <https://isbnsearch.org/isbn/9780933812246>
- Hands, A. J. og Warshak, R. A. (2011). Parental Alienation Among College Students. *The American Journal of Family Therapy*, 39(5), 431–443. <https://doi.org/10.1080/01926187.2011.575336>
- Harman, J. J., Biringen, Z., Ratajack, E. M., Outland, P. L. og Kraus, A. (2016). Parents behaving badly: Gender biases in the perception of parental alienating behaviors. *Journal of Family Psychology*, 30(7), 866–874. <https://doi.org/10.1037/fam0000232>
- Harman, J. J., Kruk, E. og Hines, D. A. (2018). Parental alienating behaviors: An unacknowledged form of family violence. *Psychological Bulletin*, 144(12), 1275–1299. <https://doi.org/10.1037/bul0000175>
- Harman, J. J., Leder-Elder, S. og Biringen, Z. (2016). Prevalence of parental alienation drawn from a representative poll. *Children and Youth Services Review*, 66, 62–66. <https://doi.org/10.1016/j.childyouth.2016.04.021>
- Huff, S. C., Anderson, S. R., Adamsons, K. L. og Tambling, R. B. (2017). Development and Validation of a Scale to Measure Children's Contact Refusal of Parents Following Divorce. *The American Journal of Family Therapy*, 45(1), 66–77. <https://doi.org/10.1080/01926187.2016.1275066>
- Johnston, J. R., Lee, S., Olesen, N. W. og Walters, M. G. (2005). ALLEGATIONS AND SUBSTANTIATIONS OF ABUSE IN CUSTODY-DISPUTING FAMILIES¹. *Family Court Review*, 43(2), 283–294. <https://doi.org/10.1111/j.1744-1617.2005.00029.x>
- Kelly, J. B. og Johnston, J. R. (2001). THE ALIENATED CHILD: A Reformulation of Parental Alienation Syndrome. *Family Court Review*, 39(3), 249–266. <https://doi.org/10.1111/j.174-1617.2001.tb00609.x>
- López, T. J., Iglesias, V. E. N. og García, P. F. (2014). Parental Alienation Gradient: Strategies for a Syndrome. *The American Journal of Family Therapy*, 42(3), 217–231. <https://doi.org/10.1080/01926187.2013.820116>
- Lorandos, D. (2017). *Parental alienation in the United States: 1985–2016*. Fræðilegur fyrirlestur fluttur á svæðisráðstefnu samtakanna Association of Family and Conciliation Courts, Milwaukee, WI. <https://www.afccnet.org/Conferences-Training/AFCC->

Conferences/ctl/View/ConferenceID/136/mid/3646
[<https://pasg.info/app/uploads/2019/10/Lorandos-Demosthenes.pdf>]

Lorandos, D., Bernet, W. og Sauber, S. R. (ritstj.).

(2013). *Parental alienation: The handbook for mental health and legal professionals*. Springfield, IL: Charles C Thomas. <https://isbnsearch.org/isbn/9780398087500>

Rand, D. C. (2013). The history of parental alienation from early days to modern times. Í D. Lorandos, W. Bernet og S. R. Sauber (ritstj.), *Parental alienation: The handbook for mental health and legal professionals* (bls. 291–321). Springfield, IL: Charles C Thomas. <https://isbnsearch.org/isbn/9780398087500>

REIS, H. T. (2007). Steps toward the ripening of relationship science. *Personal Relationships*, 14(1), 1–23. <https://doi.org/10.1111/j.1475-6811.2006.00139.x>

Seijo, D., Fariña, F., Corras, T., Novo, M. og Arce, R. (2016). Estimating the Epidemiology and Quantifying the Damages of Parental Separation in Children and Adolescents. *Frontiers in Psychology*, 7. <https://doi.org/10.3389/fpsyg.2016.01611>

